

Doktorsvörn Kolbrúnar Þ. Pálsdóttur

Hvenær hefst þessi viðburður:

14. desember 2012 - 10:00

Staðsetning viðburðar:

[Aðalbygging](#)

Nánari staðsetning:

Hátíðasalur



English below

Föstudaginn 14. desember kl. 10.00 ver Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, doktorsritgerð sína „Care, learning and leisure. The organisational identity of after-school centres for six to nine year old children in Reykjavík“ [Umhyggja, nám og tómstundir: Hlutverk og staða frístundaheimila fyrir sex til níu ára börn í Reykjavík]. Vörnin fer fram í Hátíðarsal á 2. hæð í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Andmælendur verða Dr. Pat Petrie, Professor Emeritus við Lundúnaarskóla og Dr. Anna Klerfelt, lektor við Gautaborgarháskóla. Doktorsnefnd skipuðu Dr. Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Dr. Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, og Dr. Jennifer Cartmel frá Griffith University, Ástralíu. Hanna Ragnarsdóttir, prófessor og forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, mun stjórna athöfninni sem fer fram á ensku.

Ágrip

Frístundaheimili fyrir ung börn á skólaaldri er sú tegund dagvistunar sem vex hvað hraðast í Evrópu nú um stundir. Þessi rannsóknin kannar hlutverk og stöðu frístundaheimila í Reykjavík frá sjónarhóli ólíkra hagsmunaaðila. Gögnin voru greind út frá tvenns konar fræðilegum sjónarhornum, þ.e. kenningum um stofnanir og eðli starfssamfélags (e. community of practice) og kenningum um barnæskuna. Eigindlegri tilviksathugun var beitt til að rannsaka frístundaheimilin. Valin voru tvö ólík frístundaheimili í Reykjavík til nánari

rannsóknar. Rannsóknaraðferðin fólst í viðtölum, athugunum og greiningu á skjölum og teikningum.

Aðalrannsóknarspurningar voru þrjár: (a) Hver er tilgangur frístundaheimilanna í Reykjavík og hvernig birtist hann í opinberri stefnumótun? (b) Hvernig upplifir starfsfólk frístundaheimilanna hlutverk sitt? (c) Hvert er álit barnanna á daglegu starfi á frístundaheimilinu og hvernig upplifa þau muninn á skóla og frístundaheimili?

Rannsóknin leiddi í ljós að í árunna rás hafa áherslur þróast frá umhyggju yfir til náms og frístunda. Helstu niðurstöður þessarar rannsóknar voru þrískiptar: (a) Staða frístundaheimila innan kerfisins var veik, meðal annars þar sem engin sérstök lög gilda um starfsemina. (b) Fagvitund frístundaleiðbeinenda var almennt óljós. Meirihluti starfsmanna hafði ekki sérhæfða menntun og réði sig til skamms tíma. Hinsvegar báru verkefnastjórar frístundaheimilanna meginábyrgð á starfinu. (c) Frístundaheimilin sköpuðu börnum tækifæri til leiks og félagslegrar þátttöku í fjölbreyttu starfi eftir að skóla lauk. Börnin mótuðu sitt eigið starfssamfélag, þar sem þau skipulögðu félagatengsl, mynduðu eigin reynsluheim og tóku þátt í sköpun þekkingar, bæði í skólanum og á frístundaheimilinu.

Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir er fædd 22. maí 1971 í Leuven í Belgíu. Foreldrar hennar eru Auður Birgisdóttir og Páll Skúlason, prófessor í heimspeki. Hún lauk BA-prófi í heimspeki haustið 1996 frá Háskóla Íslands og meistaraþrófi í uppeldis- og menntunarfræði vorið 2001 frá sama skóla. Kolbrún starfaði sem umsjónarmaður skóladagvistar Laugarnesskóla árin 2002–2004, og sem deildarstjóri barnastarfs hjá frístundamiðstöðinni Tónabæ 2004-2007. Hún hefur starfað við kennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands samhliða doktorsnámi. Kolbrún er gift Róberti H. Haraldssyni, prófessor við Háskóla Íslands og börn þeirra eru Ragnhildur, Kolbrún Brynja og Páll Kári. Að auki á Kolbrún tvær dætur, Sunnu Ösp og Sóleyju Auði.

On Friday December 14 at 10:00 am Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir will defend her P.hD. thesis „Care, learning and leisure. The organisational identity of after-school centres for six to nine year old children in Reykjavík“. The defense will take place at the University Main Hall, 2nd floor, Main building. The opponents are Dr. Pat Petrie, Professor Emeritus, University of London and Dr. Anna Klerfelt, Assistant professor, University of Gothenburg. The thesis supervisors were Dr. Jón Torfi Jónasson, professor and Head of the School of Education, University of Iceland, Dr. Jóhanna Einarsdóttir, professor at the University of Iceland, and Dr. Jennifer Cartmel, seniour lecturer, Griffith Univeristy, Australia.

Abstract

The provision of out-of-school care for young school children is the fastest growing day-care service in Europe. This study investigates the role and organisational identity of after-school centres in Reykjavik, Iceland, from the perspectives of different stakeholders. The theoretical

framework for the study was drawn from institutional theory, the theory of communities of practice and childhood studies. A qualitative, multi-case study design was used to investigate Reykjavík after-school centres and two different after-school centres in Reykjavík were chosen as subjects for detailed investigation. Research methods included interviews, observations, and an analysis of documents and drawings.

Three main research questions were asked: (a) What is the purpose of the after-school centres in Reykjavík, and how has public policy reflected that purpose? (b) How do recreation personnel experience their role? (c) How do children view the daily activities in the after-school centre, and how do they experience the difference between their school and their after-school centre?

This study reveals how unclear the rationale for the service is, as its justification has shifted between care, learning and leisure over the years. The main findings are threefold: (a) The institutional status of the service is weak. Furthermore, no specific legislation addresses the operation of the after-school centres. (b) The professional identity of the recreation personnel is unclear. The majority of the recreation personnel had no specific qualifications and made only short-term commitments to the work. However, the study shows that the leaders of the after-school centres assumed the principal responsibility for the work. (c) After-school centres provide an important opportunity for play and social activities, from the perspectives of the children. The children constructed their own communities of practice, within which they organised their social relationships, experiences of learning, and histories of knowledge, that were present both in the schools and in the after-school centres.

Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir was born on May 22, 1971 in Leuven, Belgium. Her parents are Auður Birgisdóttir and Páll Skúlason, professor in Philosophy. She graduated in 1996 with a BA degree in Philosophy from the University of Iceland, and with a Master Degree in Education in 2001. Kolbrún was leader of the after-school centre in Laugarnesskóli 2002–2004. She was department leader of after-school centres in Tónabær Recreational Centre in 2004–2007. She has been a teacher at the School of Education, University of Iceland, alongside her doctoral studies. Kolbrún is married to Róbert H. Haraldsson, professor at the University of Iceland, and their children are Ragnhildur, Kolbrún Brynja and Páll Kári. Kolbrún also has two daughters, Sunna Ösp and Sóley Auður.